

Atvinnuveganefnd

Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2023

E-2023-052/00.11

Umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 65/2003 (viðbótarkostnaður)

Vísað er til máls nr. 536, um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003, sem auglýst er til umsagnar á vef Alþingis. Landsvirkjun hefur kynnt sér málið og þakkar tækifærið til umsagnar.

Ríki heims leita nú lausna til að draga úr kolefnislosun sinni og eru orkuskipti einn lykilþátturinn í þessum aðgerðum. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar orkuskipti innanlands en ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Landsvirkjun vill í þessu samhengi einnig minnast á orkuöryggi en aukið hlutskipti smærri og dreifðari virkjana kann að stuðla að auknu orkuöryggi.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er lagt til að standi væntanlegar tekjur dreifiveitu af nýjum viðskiptavinum ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Landsvirkjun telur að verði gerð breyting á raforkulögum í þessa veginni, muni sú breyting vinna gegn markmiðum stjórnvalda hvað varðar orkuskipti og samdrátt í kolefnislosun. Mikilvægt er að lagaumhverfið styðji þessi markmið og að ekki séu settar fram íþyngjandi kröfur sem hamli uppbyggingu endurnýjanlegrar orku.

Af hálfu Landsvirkjunar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp:

Landsvirkjun bendir á að í frumvarpinu sé ekki tekið tillit til þess ef virkjanir eða viðskiptavinir komi dreifikerfinu til góða og leiði til þess að hægt sé að fresta fjárfestingum í dreifikerfinu til framtíðar. Eingöngu sé verið að gera dreifiveitum kleift að sækja auknar tekjur til þeirra viðskiptavina sinna sem eru ekki á hagkvæmum stað en ekki sé tekið tillit til hagkvæmni verkefnis ef það leiði til sparnaðar fyrir dreifiveituna. Árið 2018 var gerð breyting á raforkulögum þar sem ákvæði var fellt brott þar sem kveðið var á um að taka ætti tillit til hagkvæmni staðsetningar virkjana og stórnotenda fyrir flutningskerfið.

Landsvirkjun telur mikilvægt að ráðuneytið skoði sérstaklega að ákvæðið um hagkvæmni staðsetninga verði innleitt að nýju til að létta undir með flutningskerfinu og að slík breyting gæti haft jákvæð áhrif á staðarval nýrra stórnotenda og virkjana.

Með breytingu þeirri sem lögð er til í frumvarpinu er verið að leggja á auknar og íþyngjandi kvaðir fyrir smærri raforkuframleiðendur sem ólíklegt er að muni styðja við markmið raforkulaga um að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi í því skyni að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, tryggja skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja öryggi raforkukerfisins. Auknar fjárhagslegar kvaðir og aukið flækjustig muni þvert á móti letja nýja aðila að stíga inn á raforkumarkaðinn.



Breyting þessi gæti haft í för með sér flöskuháls fyrir nýja viðskiptavini sem ekki sjá sér fært að borga milljarða í kostnað fyrir slíkar tengingar. Óeðlilegt verði að teljast að framkvæmdaraðili á nýju svæði taki að sér slíkan stofnkostnað innviðaupbyggingar sem nýst gæti öðrum aðilum á síðari stigum þeim að kostnaðarlausu.

Landsvirkjun telur mjög varhugavert að færa inn í lögin ákvæði um að dreifiveitur hafi sömu heimildir til gjaldtöku ef forsendur viðskipta hafi breyst verulega. Í raun má þar segja að verið sé að setja á fót afturvirka gjaldtökuheimild sem fæst vart staðist stjórnarskrá.

Landsvirkjun leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við þá málsgrein sem um er fjallað í 2. gr. frumvarpsins: „Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar.“ Landsvirkjun leggur jafnframt til að umræddri setningu verði á ný bætt við 10. mgr. 12. gr. a.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur Landsvirkjun að æskilegt sé að breytingartillaga þessi verði skoðuð í ljósi markmiða um einföldun regluverks, orkuöryggis og orkuskipta. Einnig er mikilvægt að útreikningur kerfisframlags nýrra tenginga hafi ekki í för með sér fjárhagslegar kvaðir sem letji verulega uppbyggingu á grænni orkuvinnslu. Við þá endurskoðun er mikilvægt að hafa jafnræðissjónarmið til hliðsjónar og að raforkuframleiðendur njóti einnig góðs af hagkvæmni verkefna sinna.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar
og sjálfbærni